

Alþingi
Erindi nr. P 130/1437
komudagur 18.3.2004

Ríkisskattstjóri
17.03.2004

shar/IJR

Efnahags- og viðskiptanefnd.

Nokkur minnisatriði um tengsl erfðafjárskatts og fjármagnstekjuskatts.

Fjármagnstekjuskattur greiðist af vöxtum, arði, leigutekjum og söluhagnaði sem myndast utan atvinnureklstrar.

Fjármagnstekjur sem falla til **hins látna í lifanda lífi**, skattleggjast hjá honum í 10% skattþrepi. Hér með teljast áfallnir vextir á kröfur og inneignir..

Dánarbú greiðir (frá 01 01 04) 18% tekjuskatt af þeim fjármagnstekjum sem til þess falla á tilvistartíma búsins öðrum en arði. Af arði greiðir dánarbúið 10% fjármagnstekjuskatt,.

Dánarbú gera upp skattstofna þ.m. t. fjármagnstekjur á sama hátt og rekstraraðilar þannig að kostnaður heimilast til frádráttar tekjunum. Frádráttur frá fjármagnstekjum er mjög takmarkaður.

Erfingar greiða 10 % fjármagnstekjuskatt af slíkum tekjum sem til þeirra falla eftir skiptin.

Stofnverð eignar í hendi erfingja er hið sama og það var í hendi hins látna. Á þetta við um fasteignir og hlutabréf.

Við viðtöku arfs gengur erfingi inn í réttarstöðu hins látna. Þessa meginreglu er að finna í skattalögum. Má í þessu sambandi vísa til ákvæða 23.greinar laga nr 90/2003 að því er íbúðarhúsnæði varðar og 44.grein sömu laga að því er varðar fyrnanlegar eignir í atvinnurekstri.

Nánar um skattalega stöðu þeirra er hljóta eignir í arf:

Sú meginregla hefur verið við lýði varðandi skattskyldu erfingja samkvæmt lögum nr. 90/2003, að arftaki gengur inn í réttarstöðu þess látna, m.a. hvað varðar stofnverð eigna, eignarhaldstíma og þær skattalegu kvaðir og hlunnindi, sem á þeim hvíldi við andlát arfláta.

Meginreglu þessa, sem leidd er af ákvæðum 23. gr. og 44. gr. laga nr. 90/2003, hefur einkum áhrif þegar kemur að ákvörðun á stofnverði þeirra og eignarhaldstíma, sama hvort um er að ræða fyrnanlegar eða ófyrnanlegar eignir, þegar arftaki á síðari stigum ákveður sölu eða ráðstöfun eigna þeirra, er hann tók í arf.

Stofnverð hlutabréfa við sölu erfingja er þannig upphaflegt kaupverð í hendi arfláta og hið sama á við um ófyrnanlegar eignir.
Sé hins vegar um fyrnanlegar eignir að ræða, þá teljast þær eignir yfirteknar á bókfærðu verði.